

**Ed.**

**292. Nefndarálit**

**[45. mál]**

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, kynnt sér, hve langt húsbygging sú, sem verið er að reisa við Hagatorg, er komin áleiðis, og gengið úr skugga um, að bændasamtökunum í landinu er nauðsyn húss fyrir samtök sín. Hún fellst á, að þau safni fé til byggingarinnar eins og ráð er gert fyrir í frumvarpinu. Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins. Einn nefndarmaður (SÓÓ) vill þó gera á því breytingu og skrifar því undir það með fyrirvara.

Alþingi, 27. febr. 1959.

Páll Zóphóníasson,  
form., frsm.

Sigurvin Einarsson,  
fundaskr.

Sigurður Ó. Ólafsson,  
með fyrirvara.

Finnbogi R. Valdimarsson.

Friðjón Þórðarson.